

## Fundargerð

415. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 8. jan. 2019 kl. 9.30 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Finnur Birgisson, Guðrún Árnadóttir, Sigríður Snæbjörnsdóttir, Þorbjörn Guðmundsson, Anna Þrúður Þorkeldsdóttir, Sjöfn Ingólfssdóttir, Kári Jónasson og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð.

Reynir Vilhjálmsson var fjarverandi.

Auk þess sat fundinn Daníel Isebarn Ágústsson vegna umræðu um skerðingar.

### 1. Starfsemi félagsins 2018 / 2019

Framkv.stjóri fór yfir starfsemi félagsins á liðnu ári og þess sem félagsmenn geta vænst á árinu 2019. Félagsmenn um liðin áramót aldrei verið fleiri. Allar ferðir innanlands sem erlendis á vegum félagsins á liðnu ári voru fullbókaðar og bætt við ferðum eins og t.d. aðventuferðirnar til Kaupmannahafnar sem enduðu í að vera fjórar. Mikil ánægja er með allar þessar ferðir og samstarf við þjónustuveitendur með eindæmum gott. Bókanir eru góðar á auglýst námskeið, fullbókað á mörg og fleiri sett á fram á vor.

### 2. Skerðingar vegna búsetu erlendis

Fréttir fyrir og um helgina þar sem fram kom að velferðaráðuneytið hafi staðfest að sú framkvæmd hjá TR að skerða örorkubætur einstaklinga á grundvelli búsetu standist ekki. Til að kanna hvort og þá hvernig þetta hugsanlega kæmi við lífeyrisþega hjá TR hafði framkv.stjóri samband við við lögmanninn Daníel Isebarn með ósk um að fara yfir málið með stjórninni. Þannig að þeir sem fengu ákvörðun um búsetuhlutfall sem öryrkjar taki þá ákvörðun með sér inn í ellilífeyri. Samþykkt að fá Daníel í ákv. vinnu/yfirferð vegna þessa. Kallað verður eftir svörum til FEB á mánaðarlegum samráðsfundi með TR þann 24. jan. n.k.

### 3. Samskiptareglur

Sigríður fór yfir og kynnti samskiptareglur stjórnar FEB og framkvæmdastjóra og erindisbréf framkvæmdastjóra sem verið hefur í smíðum. Einnig kom fram að ljúka þurfi stefnumótun fyrir félagið sem verið hefur í vinnslu frá því í haust. Samskiptareglur a.v. og erindisbréf h.v. undirrituð af stjórnarmönnum.

### 4. Niðurstaða / umræða í starfshópi velferðarráðuneytis og LEB

Þorbjörn og Guðrún fóru yfir skýrslu starfshópsins um kjör aldraða með slæðusýningu. Staðan í málinu þannig að skrifað var undir en ekkert hefur enn verið kynnt opinberlega frá niðurstöðum þeirrar vinnu.

Vonbrigði er með hvernig ríkisvaldið hefur haldið á málinu og vinnubrögðum þar að lútandi. Skilgreining er mjög þröngt hvað varðar þá, sem greindir eru í fjárhagsvanda og ekki er neitt fjármagn sett til brýnna aðgerða í fjárlögum ársins / fjármálalætlun. Þess má geta hér, að LEB óskaði eftir að einkum yrði unnið fyrir þá verst stöddu meðal aldraðra í upphafi vinnunnar.

### 5. Undirbúningur aðalfundar FEB 2019

Aðalfundur FEB er ákveðinn 19. febrúar n.k.. Áður samþykkt uppstillingarnefnd undir formennsku Gunnars Björnssonar er að störfum. Samþykkt um að tillaga verði um árgjald kr. 4500. Ákveða þarf fundarstjóra. Formaður vék hér af fundi og kallaði eftir umræðu um framhald hans sem formanns. Málið rætt og allir aðilar sammála um það framhald.

### 6. Framhald samvinnu um gerð þáttanna Lífið er lag

Formaður kynnti bréf Sigurðar Kolbeinssonar, framleiðanda þáttanna þar sem innt er eftir

hvort FEB hafi hug á að framlengja þann samning sem gerður var í ágúst s.l. á sömu nótum og samið var um þá?

Í umræðu kom fram að efnistöð hafi verið betri en áður í þeim útsendingum sem Hringbraut var með um málefni FEB. Samþykkt að taka upp viðræður við framleiðanda, varðandi áframhald. Beðið er líka um það að fá tölu um áhorfsfjölda á þáttunum í haust. Sigurður Kolbeinsson mætir síðar á fund stjórnar þar sem farið verði yfir þættina.

### **7. Málefni Gráa hersins**

Erna lýsti yfir að hún hefði sagt sig frá öllum störfum fyrir Gráa herinn og jafnframt að vegna brotthvarfs síns úr stjórn FEB á næsta aðalfundi hygðist hún hætta í stjórn LEB. Hópur er að störfum innan Gráa hersins vegna hugsanlegra málaferla og vinnu tengda því máli.

### **8. Lagabreytingar**

Finnur fór yfir hugmyndir sínar um hugsanlegar lagabreytingar. Þar kom fram að hann telur að endurskoða þurfi ýmis ákvæði í lögum félagsins sem tengjast boðun aðalfundar, stjórnarkjöri o.fl. Umræða um skamman tíma til breytinga fram að næsta aðalfundi. Samþykkt að Finnur, Sjöfn og Gísli skoði málið.

Fundi slitið kl. 12.30.

Samþykkt;